

Til umsagnar 57. mál frá nefndasviði Alþingis

Astma og ofnæmisfélag Íslands (AO) fékk til umsagnar 57. mál frá nefndasviði Alþingis.
AO leggst eindregið gegn því að lögunum um fjöleignarhús verð breytt og að þau verði þess í stað látin standa eins og þau eru rituð.

Með frumvarpinu um eru frumréttindi fólks tekin úr öndvegi og sett í annað sætið á eftir gæludýrum. Það felur í sér algjöran hugsanafeil og skerðir réttindi fólks með ofnæmi og fólks sem hræðist hunda og ketti.

Með þessari breytingu yrði heimildin til dýrahalds aðalreglan en nauðsyn annarra íbúa til hins gagnstæða yrði fráviksregla.

Með 2/3 reglunni eru þó að minnsta kosti settar einhverjar hömlur sem skynsamlegt og lausnarmiðað fólk / samfélag innan fjölbýlishúss getur unnið með. Ef frumvarp þetta er samþykkt eru allar slíkar hömlur horfnar. Talað er um ósætti nágranna í frumvarpinu, er það ósætti eitthvað skelfilegra heldur en ósætti sem getur skapast ef gæludýrahald verður óheft og fjölskyldur eru settar í erfiða stöðu vegna dýra ofnæmis fjölskyldumeðlims. Hvað leggja flutningsmenn tillögunar til um það hvernig fjölskyldan skuli bregðast við því. Flytja í einbýli, flytja í húsnæði með sérinngangi, sem ekki er nú auðvelt þessa dagana vegna skorts á húsnæði t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Hvað með börn sem fjölskyldunni tilheyra eiga þau að rífa sig upp og hoppa inn í næsta skóla og skólasamfélag. Hvað með tólmstundir þessara barna og aðgengi þeirra að þeim.

Ljóst er, að með þessu fyrirkomulagi yrði ofnæmissjúkum og þeim, sem óttast dýrin, gert það að þurfa að flytja úr íbúð sinni og eftir atvikum að selja þá eign sína, tækist þeim ekki að ná fram gagnstæðri afstöðu húsfundar með atkvæðum 2/3 hluta íbúanna.

Við íbúum, sem þyrftu að flytja úr húsinu, blasti þá að þeir gætu ekki vegna hinna nýju reglna tryggt hag sinn með því að flytja í aðra íbúð í fjöleignarhúsi, heldur þyrftu þeir að flytja í sérbýli.

Hér er verið að skerða rétt fólks með skerðingar en sumir af flutningsmönnum þessa frumvarps hafa gefið sig út fyrir að tala fyrir þessum hópi fólks, er það bara stundum !

Þeir sem búa í fjölbýli eiga að hafa frumrétt, enda er vitað að ofnæmi ýmiskonar hrjáir mjög margt fólk. Því þarf að tryggja fólki að ofnæmisvökum verði ekki hleypt nærri því á þess helgasta stað sem er heimilið. Það er algerlega óhugsandi að fólki geti fundist að einstaklingur sem býr í sinni íbúð í fjölbýli og er með ofnæmi fyrir hundum og/eða köttum þurfi mögulega að flytja í annað húsnæði vegna gæludýra sem annað fólk vill hafa hjá sér.

Í þessari breytingu er verið að vinna gegn jafnræði og það að eiga gæludýr (hund- eða kött) og halda það í fjölbýlishúsi er sett framur því að vera manneskja með ofnæmi fyrir þessu tiltekna gæludýri

AO vill einnig benda á að vinna hefði þurft greinargerðina með frumvarpinu betur og leggja meðal annars fram tölulegar upplýsingar en setja ekki fram ályktanir og vangaveltur.

Stjórn AO er ekki á móti gæludýrum almennt en við hugsum við rökrétt og trúum því að frumvarp þetta verði ekki samþykkt af Alþingi enda eru engin einustu haldbæru rök fyrir því að það skuli samþykkt og því þröngvað upp á fólk með ofnæmi eða hræðslu fyrir köttum og hundum.

Við viljum benda á að fram kom nýverið frá Þorkeli Heiðarssyni, náttúrufræðingi hjá Reykjavíkurborg, að um 10 þúsund hundar væru nú taldir vera á Reykjavíkursvæðinu, en af þeim væru aðeins um 2.500 skráðir. Þetta er sorgleg staðreynd og leiðir af því líkur að því hafi ekki verið sinnt að fylgst sé með heilsufari þeirra né sé ábygðartrygging keypt vegna hinna óskráðu hunda.

Skýrt dæmi um mikilvægi þess að lögin eru eins og þau eru í dag og með þeim varnagla að 2/3 þurfi að samþykki, er eins og hér segir og vísar umsagnaraðili til greinar í nýlegu tímariti

AO.

http://www.ao.is/images/utgafa/timarit/2021/Senda%20%C3%A1%20AO%204_08-0908-09.pdf

Virðingarfyllst og með þökkum fyrir að fá tækifæri til að mæla gegn þessu frumvarpi.

Fríða Rún Þórðardóttir, formaður AO

frida@landspitali.is, 8988798